

Mál nr. 77/2014**M
og
vátryggingafélagið X v/ flutningstryggingar.****Búslóð varð fyrir skemmdum eða munir úr búslóðinni glötuðust í flutningi.****Gögn.**

39. Málskot, móttakið 14.3.2014, ásamt fylgigögnum.

40. Bréf X, dags 27.3.2014.

Málsatvik.

Hinn 29.11.2013 mun M hafa verið að flytja búslóð sína á pallbifreið úr Mosfellsbæ til Reykjavíkur. Kveður M að á leiðinni hafi bifreið þröngvað honum fram fyrir bifreið hans með þeim afleiðingum að hann hafi snögghemlað. Að auki hafi vindhviða feykt ábreiðu af pallinum. Á leið til baka hafi M séð glerplötu af borði í vegkantinum, svo og ábreiðuna af pallinum og kodda. Við nánari eftirgrennslan hafi svo komið í ljós að talsvert fleiri muni hafi vantað í búslóðina.

M hefur krafist bóta úr sérstakri flutningstryggingu fyrir tiltekna viðskiptavini hjá X. X hefur viðurkennt að umrædd flutningstrygging hafi tekið til búslóðarflutnings M, en hefur á hinn bóginn hafnað bótaskyldu með vísan til gr. 2.1.2 í skilmálum vátryggingarinnar þar sem frágangur á palli bifreiðarinnar hafi verið ónógur. Tjónið verði heldur ekki rakið til skyndilegra og óvæntra atvika líkt og krafa er gerð um í skilmálum innbúskaskótryggingar félagsins.

Álit.

Samkvæmt gr. 2.1.2 í skilmálum flutningstryggingar þeirrar sem hér er til skoðunar bætir vátryggingin aldrei tap, skemmdir eða kostnað sem stafar af ónógum eða óhæfum umbúðum eða lélegum frágangi á hinu vátryggða. Ákvæði þetta ber að skýra sem varúðarreglu skv. 1. tölul. e. liðar 2. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga, en samkvæmt því ákvæði teljast til varúðarreglna fyrirmæli í vátryggingarsamningi um að vátryggður eða aðrir skuli gera tilteknar ráðstafanir sem fallnar eru til þess að fyrirbyggja eða takmarka tjón eða sjá til þess að þær verði gerðar. X getur því aðeins borið ákvæði þetta fyrir sig að því marki sem slíkt er heimilt skv. 26. gr. vsl., sbr. og 22. gr. skilmálanna, og hefur X sönnunarbyrðina um að lagaskilyrðum sé fullnægt þannig að það sé laust úr ábyrgð í heild eða að hluta sökum þess að varúðarregla hefur verið brotin. Ekkert liggur fyrir í gögnum málsins hvernig frágangi farmsins var háttað né heldur á hvern hátt frágangi var áfátt. Í því sambandi tjóir ekki að benda á það eitt að farmurinn hafi fokið af palli bifreiðarinnar. Skv. gr. 1.1 í skilmálunum bætist „allt tap eða skemmdir á hinu vátryggða“. Að öllu virtu hefur X ekki sýnt fram á að það sé laust úr ábyrgð í heild eða að hluta með vísan til gr. 2.1.1 í vátryggingarskilmálunum. Engin haldbær rök hafa heldur komið fram um að ákvæði skilmála fyrir innbúskaskótryggingu félagsins um að það sé skilyrði bótaskyldu að tjónið verði rakið til skyndilegra og óvæntra atvika eigi að koma til skoðunar í máli þessu. Að öllu framangreindu virtu telst tjón M bótaskyldt úr flutningstryggingunni.

Í málskoti hefur M einnig krafist viðurkenningar á því að bæta skuli nánar tilgreinda muni með tiltekinni fjárhæð. Samkvæmt 2. mgr. 3. gr. samþykkt fyrir úrskurðarnefnd í váttryggingamálum, sbr. auglýsingu nr. 1090/2005, úrskurðar nefndin um bótafjárhæðir að fengnu samþykki allra málsaðila. Ekki liggur fyrir að X hafi samþykkt að fjallað verði um bótafjárhæðir í máli þessu. Kröfum M um að úrskurðað verði um fjárhæð bóta vegna einstakra muna er því vísað frá nefndinni.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr flutningstryggingu hjá X.

Vísað er frá nefndinni kröfu um að úrskurðað verði um bótafjárhæðir.

Reykjavík, 15. apríl 2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.